



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 14. febrúar 2022

2202028SA KB  
Málalykill: 00.63

### **Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um afnám 70 ára aldurstakmörkunar, 160. mál**

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 2. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um afnám 70 ára aldurstakmörkunar í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 160. mál.

Tillagan felur í sér að Alþingi feli fjármála- og efnahagsráðherra, í samráði við félagsmála- og vinnumarkaðsráðherra, að hefja viðræður við samtök opinberra starfsmanna um afnám þeirra ákvæða í lögum sem takmarka starf opinberra starfsmanna við 70 ára aldur.

### **Afstaða sambandsins**

Afnám reglunnar um að starfsfólki ríkisins beri að láta af störfum við 70 ára aldur hefur verið töluvert í umræðunni undanfarin misseri. Rökin sem nefnd eru í því sambandi eru helst þau að um mismunun á grundvelli aldurs sé að ræða og að þjóðin sé almennt langlífari og heilsuhraustari en áður. Rétt er að taka fram að sérstök umræða um málefnið hefur ekki farið fram á vettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga og skoðanir eflaust nokkuð skiptar. Hins vegar telur sambandið mikilvægt að ef samþykkt verður að fara í skoðun á málinu þá nái sú skoðun einnig til starfsmanna sveitarfélaga og að Samband íslenskra sveitarfélaga sé því nefnt í tillögunni sem samstarfsaðili. Vert er jafnframt að undirstrika að það er ein meginforsenda samstarfs ríkis og sveitarfélaga við framkvæmd laga um opinber fjármál að náið samstarf sé um mótun stefnu um starfskjör á opinberum vinnumarkaði.

Líkt og fram kemur í greinargerð með tillögunni er nú komið inn í nokkra kjarasamninga sambandsins ákvæði sem heimilar vinnuveitanda að framlengja ráðningu eða endurráða starfsmann, sem hefur náð 70 ára aldri og látið af föstu starfi, í annað eða sama starf óski starfsmaður þess. Um er að ræða heimildarákvæði sem heimilar vinnuveitanda að ráða starfsmenn áfram en ekki fortakslausan rétt starfsmannsins til áframhaldandi vinnu.


Það er afar mikilvægt að vanda vel til verka við skoðun á málinu. Skoða þarf t.d. hvernig þessu er háttað í þeim löndum sem við berum okkur saman við og hvaða áhrif breytingar kunna að hafa á kjarasamninga og lífeyrisréttindi.

Þá þarf einnig að skoða málið sérstaklega í samhengi við reglur um lausn opinberra starfsmanna frá störfum. Þó að vissulega hafi margt starfsfólk ennþá fullt starfsþrek við 70 ára aldur þá er einnig stór hópur sem hefur það ekki. Umræðan um þetta atriði er afar vandmeðfarin enda allur gangur á því hvort að viðkomandi starfsfólk sé tilbúið að viðurkenna, eða sé sammála því mati vinnuveitanda að starfsgeta sé orðin skert. Hér þarf því að feta milliveg milli þess að raunverulega sé hægt að leggja mat á starfsgetu og því að sýna starfsfólki sanngirni og virðingu. Fyrrgreint ákvæði í kjarasamningum sambandsins byggir einmitt á þeirri hugmyndafræði að vinnuveitandi hafi tækifæri til að meta hvort að viðkomandi sé ennþá með fulla starfsorku við 70 ára aldur.

Verði þingsályktunin samþykkt ítrekar sambandið ósk sína um að vera frá upphafi beinn þátttakandi í þeirri vinnu sem framundan er.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



---

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri